

Nd.

23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

- a. Ákvæði 5. töluliðs 2. gr. laganna falla niður.
- b. Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um leyfi til fasteignasölu, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

- a. Í 1. málsg. 10. gr. laganna breytast orðin „1.—5.“ í: 1.—4.
- b. Ákvæði 2. málsg. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðum um skilyrði þess að öðlast leyfi til fasteignasölu svo og um missi þessa leyfis, verði breytt. Hér er um sérhæfð réttindi að ræða. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsídóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsíðoms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsíðómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömu-leiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsíðómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.